

ÁSDÍS HALLDÓRSDÓTTIR
Æfir afróðans og
skokkar á sumrin

• heilsa
ALLT Í MIÐJU BLAÐSINS



ÓLAFUR HAUKUR
Aldrei nóg
af Gauragangi
Tveir Ormar væntanlegir
FÓLK 26



ÆVAR ÖRN JÓSEFSSON
Glerlyklastjörnur
til landsins
Metsöluhöfundar meðal gesta
FÓLK 26



FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

19. maí 2009 — 118. tölublað — 9. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 512 5000

PRÍÐJUDAGUR

Sagnaarfur sameinar

Comenius – samstarfsverkefni evrópskra skóla um sagnaarf þjóðanna, lýkur með útgáfu á bók og safndiski.

TÍMAMÓT 14

Ævintýri Rybaks

Norski sjarmörinn sem vann Eurovision.

FÓLK 20



Ríkisstjórn jafnaðar?

„Umræða um ófgafeminisma er þó ekki rökrétt því að jafnrétti getur aldrei verið of mikið.“
skrifar Sverrir Jakobsson.

Í DAG 12

Ótrúlegur sigur FH

FH vann ótrúlegan sigur á Breiðabliki í gær með marki á lokamínútu leiksins.

ÍPRÓTTIR 22



VEÐRIÐ Í DAG



HLÝJAST SUÐVESTAN TIL í dag verða NA 8-13 m/s norðvestan til og við suðausturströndina annars hægar. Bjartviðri sunnan og vestan til annars hálfskýjað eða skýjað. Híti 5-18 stig hlýjast til landsins syðra.

VEÐUR 4

Þrjú tonn af þýfi gerð upptæk í tollinum

Lögreglan lagði í fyrra hald á þrjú tonn af þýfi á leið til Litháens og Póllands. Þýfi úr búðum talið sjö til níu milljarðar á ári. 85 prósentum stolið af erlendum gengjum. Brotamenn frá Austur-Evrópu horfi til landsins með gróðavon í huga.

LÖGREGLUMÁL Þrjú tonn af þýfi í póstsendingum á leið til Póllands og Litháen voru gerð upptæk af lögreglunni í fyrra samkvæmt upplýsingum lögreglunnar.

Andrés Magnússon, framkvæmdastjóri Samtaka verslunar og þjónustu, segir þjófa af erlendum uppruna standa undir 80 til 85 prósentum af verðmæti þýfis úr verslunum. Vægar refsingar hér ýta undir starfsemi skipulagðra glæpagengja segir lögreglan.

Verðmæti þess sem tapast með þjófnum úr búðum á hverju ári er á bilinu sjö til níu milljarðar, segir Andrés. Hann segir upphæðina hafa hækkað mikið á þeim tveimur til þremur árum síðan þessi skipulagða glæpastarfsemi hófst, en

jafnframt hafi hlutur starfsfólks í þjófnaði úr verslunum minnkað.

Þjófar af erlendum uppruna eru í allt öðrum klassa en íslenska lögreglan hefur vanist. Þeir eru vel skipulagðir og stela meira magni og dýrari hlutum segir Aðalsteinn Örn Aðalsteinsson rannsóknarlögglumaður í grein í Lögglumanninum. „Ávinningurinn er gríðarlegur en áhættan í lágmarki,“ segir hann. Brotamenn horfi til Íslands „með dollaramerki í augum þar sem refsingar við þjófnum eru í lágmarki.“

„Hér eru skipulögð glæpagengi sem ganga kerfisbundið til verks. Það er eins og þau séu að afgreiða pantanir. Dæmi eru um að vörusendingar hafi farið í gegnum póst-

inn á sömu heimilisföng í tilteknum löndum, sendar af gengi sem hefur verið flett ofan af hér heima,“ segir Andrés.

Þýfinu er komið úr landi og það selt á götumörkuðum í Póllandi og Litháen. Aðalsteinn segir að stundum sé hægt að kaupa þar sigarettur með íslenskum viðvörðunum, verkfæri merkt íslenskum verktökum, ilmvötn, snyrtivörur og jafnvel fatnað merktan íslenskum framleiðendum. Lögreglan hafi aðeins náð broti af öllu þýfinu.

Stefán Eiríksson lögglustjóri segir lögregluna sífellt benda á hvað megi betur fara. „Það er eitt og annað í löggjöfinni sem gerir okkur erfiðara fyrir en ella,“ segir hann.

- ghs



Í SÓL OG SUMARYL Þessir strákar skelltu sér í bað í Elliðaunum í gær enda veður gott. Útlit er fyrir áframhaldandi veðurblíðu í Reykjavík og nágrenni.

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Önnur stefnuræða Jóhönnu Sigurðardóttur forsætisráðherra:

Verkefnin aldrei viðameiri

STJÓRNMÁL Veturinn hefur verið einstakur í þjóðarsögunni, sagði Jóhanna Sigurðardóttir í stefnuræðu sinni gær. „Vetur sem ... skilur eftir sig sár og úrlausnarefni sem eru viðameiri en nokkur stjórnvöld hafa áður staðið frammi fyrir.“

Jóhönnu varð tíðrætt um Evrópusambandið. Hún sagði aðild ekki töfralausn eina og sér, en benti einnig á að umræðan um aðild og sjávarútveg mætti ekki aðeins snúast um vörn. Íslensk sjávarútvegs-

fyrirtæki hafi burði til að keppa á frjálsum markaði hvar sem er í heiminum.

Jóhanna var bjartsýn undir lok ræðu sinnar, sem hún lauk með því að segja: „Við búum við þá gæfu að eiga sterka og vel gerða þjóð og ég er sannfærð um að við munum sýna alþjóðasamfélaginu hvað í okkur býr með því að vinna okkur fyrst allra þjóða út úr þeim efnahagsþrengingum sem við göngum nú í gegnum.“

- ss / sjá síðu 6

Framkvæmdastjóri LÍÚ:

Framtíðarsýn Jóhönnu talsýn

SJÁVARÚTVEGUR „Mín framtíðarsýn er að Ísland verði leiðandi í mótun og stjórn sjávarútvegsstefnu Evrópusambandsins,“ sagði Jóhanna Sigurðardóttir á Alþingi í gær.

Fríðrik J. Arngrímsson, framkvæmdastjóri Landssambands íslenskra útvegsmanna, segir þessa framtíðarsýn vera talsýn. Íslendingar muni ekki stjórna í ESB. Jóhanna ræddi líka um sóknarfæri í Evrópu, en Fríðrik kallar eftir dæmum um þau. Sóknarfæri, svo sem í fjárfestingum fyrirtekja, aukist ekkert við inngöngu.

Þá hélt Jóhanna því fram að reglur ESB um hlutfallslegan stöðugleika myndu tryggja kvóta Íslendinga í staðbundnum stofnum. Fríðrik segir þetta ofmælt. „Þetta er reglugerð og henni má breyta.“

- kóp / sjá síðu 6



HALLBJÖRN Á AKRINUM Saga kornræktar er hafin á Skagaströnd.

Skagaströnd:

Hallbjörn sáir fyrir kántríbjór

LANDBÚNAÐUR Saga kornræktar á Skagaströnd hófst í síðustu viku, segir Magnús B. Jónsson, sveitarstjóri þar. „Hér er frumkvöðull, Hallbjörn Björnsson að nafni, sem hefur sáð fyrir því á jörðinni hjá sér og vildi sjá hvort ekki væri hægt að rækta korn hérna hjá okkur þótt við séum þetta norðarlega,“ segir Magnús. „Það er gaman að segja frá því að ef vel tekst til erum við komin með korn til að brugga kántríbjórinn fyrir þarnæstu hátíð. Það fer vissulega vel á því að Hallbjörn komi með kornið í kántríbjórinn,“ segir Magnús glettinn.

- js

muundu
eftir
mjólkinni!



THAI-CHOICE
Premium Quality from Thailand

Toppurinn frá Thailandi

TENGI

Sumartilboð
www.tengi.is

Smíðjuvegi 76 | Baldursnesi 6
Kópavogi | Akureyri
Sími 414 1000 | Sími 414 1050



SÓLPALLURINN

ódyrari en þig grunar!

Sólpallur 15m² | **57.675** kr

Sólpallur 20m² | **76.900** kr

Sólpallur 30m² | **115.350** kr

Efni í sólpall

Verð frá
3.845
kr/m²

Innifalið í verðum er:

gagnvarin fura 48x148 mm
gagnvarin fura 48x98 mm
gagnvarin fura 28x95mm
galvaniseraður saumur í klæðningu

Athugið að fermetraverð getur verið breytilegt.
Hér að ofan er verðhugmynd m.v. sólpall á frostfritt undirlag þ.e. án efnis í undirstöður.

Allir út í garð sumarið er komið

Rafmagnssláttuvélar
verð frá: **15.995**

Rafmagnssláttuvél B&D
1200W, 34 sm sláttubreidd,
35 ltr. grassafnari,
5 hæðarstillingar.
5085134

BLACK & DECKER



23.995

Bensínsláttuvélar
verð frá:

32.499



1.699

Hekklippur
HiPoint
5084672



25%
AFSLÁTTUR
af öllum
HiPoint
klippum

Grasklippur
HiPoint
5084675



1.499



100 sm
Sýpris
999 kr

20%
afsláttur
af frostþolnum
útipottum



Fráber saman

Sumarlitirnir komnir

JOOP!

elegante
bed-linen fashion

bb

bruno banani
NOT FOR EVERYBODY



10-30%
afsláttur

Hver er þinn litur?



Sjá nánar á www.betrabak.is

betrabak@betrabak.is • www.betrabak.is
Faxafeni 5, Reykjavík og Skeiði 1, Ísafirði • Sími 588 8477
Ópið virka daga frá kl. 10-18 Laugardaga frá kl. 11-16

Betra
BAK

KJÖRKASSINN



Horfðir þú á Eurovision?

Já 89%

Nei 11%

SPURNING DAGSINS Í DAG

Hlustaðir þú á stefnuræðu forsætisráðherra?

Segðu skoðun þína á vísir.is

6

STEFNURÆÐA FORSÆTISRÁÐHERRA

STEFNURÆÐA JÓHÖNNU

Hversu oft eftirtalin orð komu fyrir í stefnuræðu Jóhönnu Sigurðardóttur forsætisráðherra á mánudagskvöld.

Evrópusambandið	22
Þjóðin	21
Ísland	14
Alþingi	9
Landbúnaður	8
Atvinnuleysi	6
Sjávarútvegur	6
Seðlabanki	5
Lán	5
Lýðræði	4
Skuldur	1
Jafnrétti	0
Stóriðja	0
Virkjun	0



JÓHANNA SIGURÐARDÓTTIR Sagði engan geta tekið endanlega afstöðu til ESB-aðildar fyrr en að samningaviðræðum loknum. Ein og sér væri ESB-aðild ekki töfralausn.

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Svalalokanir



Gler & Brautir
DALSHRAUN 10 • HAFNARFIRÐI • SÍMI 517 1417
www.glerogbrautir.is www.cover.is

HANDRIÐ • GLERVEGGIR • FELLIVEGGIR



15% afsláttur
af Voltaren Gel 100g

Voltaren®

Diklófenak tvítylamin 11,6 mg

Verkjavastillandi og bólgueyðandi í túpu!

Fæst án lyfseðils

Voltaren Gel® (Diklófenak tvítylamin 11,6 mg/g) er notað sem stað-bundin úrtvortis meðferð við vöðva- og líðverkjum. Lyfið má ekki bera á skrámur, opin sár eða á exem, varist snertingu við augu og slímhúðir, notist eingöngu úrtvortis og má aldrei taka inn. Þegar lyfið er notað án ávisunar læknis skal hafa samband við lækni ef einkenni batna ekki eða versna innan viku. Á meðgöngu skal ávallt leita ráða læknis eða lyfjafraeðings áður en lyfið er notað, þó skal það ekki notað á síðasta þriðjungi meðgöngu. Voltaren Gel® er ekki ætlað börnum yngri en 12 ára. Lítil hættu er á ofskömmtun vegna úrtvortis notkunar lyfsins. Lesa skal vandlega leiðbeiningar á umbúðum og fylgiseðli. Geymið þar sem börn hvorki ná til né sjá. Markaðsleyfishafi: Novartis Healthcare. Umboð á Íslandi: Artasan ehf., Suðurhrauni 12a, 210 Garabæ.

Lyf & heilsa
Við hlustum!

LAGERSALA Opið 13-18



Eldhúsvaskar
Frá kr. 3.900

Blöndunartæki
Frá kr. 3.900

Baðspeglar
Kr. 990

Mikið úrval af krókum
handklæðaslám
og fl.

Sími: 894 1411 / 861-7540
Norðurhella 10 Hafnarfjörður



Skrýtið samráð

Þjarni Benediktsson gagnrýndi stjórnarflokkana í ræðu sinni í gær fyrir fyrningarleiðina, samskiptin við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn, en þar sagði hann skorta gegnsæi, aðgerðaleyfi í efnahagsmálum og síðan því hvernig standa ættili að aðildarumsókn til Evrópusambandsins.

Sagði hann fyrningarleið ekki verða til þess að réttlætið yrði meira né fiskistofnarnir betri auk þess sem það hefði þegar valdið útgerðarfyrirtækjum skaða með því að koma á óvissu. Um aðildarumsóknina spurði hann hvers vegna talað væri um að unnið yrði að málinu með samráði allra fyrst þegar væri búið að ákveða hvernig að málum skyldi staðið og hvenær þeirri vinnu yrði lokið.



BJARNI BENE-DIKTSSON
Formaður Sjálfstæðisflokks

Samvinna og lýðræði hvað?

Sigmundur Davíð Gunnlaugsson gagnrýndi stjórnarflokkana harðlega fyrir að tala fjálglega um samvinnu og lýðræðisleg vinnubrögð. Framsóknarflokkurinn hefði vonast til þess, sagði hann, að hægt væri að ræða lausnir við efnahagsvandannum óháð því hvaðan úr flokki lausnirnar kæmu. Þegar framsóknarmenn hefðu síðan komið með sínar tillögur, eins og stjórnin hefði í raun beðið þá um, hefði hún ekki einu sinni kynnt sér þær heldur lagt allt kapp á að grafa undan tillögunum. Gagnrýndi hann stjórnina fyrir að miða allar tillögur sínar að því að fresta vandanum, til dæmis með því að gera ráðstafanir einungis þegar fjölskyldur og fyrirtæki væru komin í þrot í stað þess að koma með fyrirbyggjandi aðgerðir.



SIGMUNDUR DAVÍÐ GUNNLAUGSSON
Formaður Framsóknarflokks

Eyðum ekki öllu í ESB

„Þessi stjórnarmyndun var vissulega ekki án fórnar og málamiðlana, [...] til dæmis þegar kemur að þeirri niðurstöðu stjórnarsamstarfsins að setja Evrópumálið í hendur Alþingis, sagði Steingrímur J. Sigfússon, formaður Vinstri grænna. „En við skulum varast það Íslendingar að eyða öllum okkar kröftum og tíma í þetta mál,“ sagði hann. Endurreisn bankakerfisins ættili að mestu að vera lokið innan 45 daga, sagði Steingrímur. Í vikunni kæmu fulltrúar Alþjóðagjaldeyrissjóðsins í heimsókn og samkomulag AGS og ríkisins yrði endurskoðað. Einnig upplýsti hann um samningagerð við norrænar ríkisstjórnir og seðlabanka um gjalddeyrslán, að hún væri á lokastigi og lánaskilmálar því sem næst frágengnir.



STEINGRÍMUR DAVÍÐ GUNNLAUGSSON
Formaður Vinstri grænna

Stefnuræðan var stefnulaus

Þór Saari, þingmaður Borgarahreyfingar, rifjaði upp atburði vetursins, mótmælin og viðbrögð ríkisstjórnar Geirs Haarde við hrúnina.

Hin pólitíska yfirstétt hefði verið búin að glata öllum tengslum við raunveruleikann.

„Við mót-mæltum og við unnum,“ sagði Þór. Svikastjórnin hefði hrökklast frá.

Hann sagði stefnuræðu forsætisráðherra hafa verið stefnulausa og gaf ekki mikið fyrir úrræði stjórnarinnar í þágu heimila. Leiðrétta þyrfti vísitölu aftur til byrjunar árs 2008, sem lækkaði höfuðstól húsnæðislána um tuttugu prósent. Síðan ættili að afnema verðtryggingu, sækja eigendur fyrirtækja til saka og frysta eigur þeirra. Þá mætti afþakka aðstoð AGS; ekki væri hægt að skera niður um 170 milljarða á þremur árum.



ÞÓR SAARI
Þingmaður Borgarahreyfingar

Lykill að lægra verði

Með Staðgreiðslulyklinum geturðu greitt fyrir bæði eldsneyti og vörur á næstu Skeljungsstöð um leið og þú tryggir þér afslátt, punkta og aukna þjónustu.

Sæktu um Staðgreiðslulykilinn í dag á www.skeljungur.is.



Það er bara Staðgreiðslulykillinn sjálfur sem er minni, fríðindin eru þau sömu og þú færð með Staðgreiðslukorti Skeljungs!



Af hverju höfnuðu Norðmenn ESB-aðild tvívegis?

Fylgja Norðmenn ef Íslendingar ganga í ESB?

Umræðufundur á Háskólatorgi Háskóla Íslands um ESB-aðild og reynslu Norðmanna af umsóknarferlinu. Framsögu hefur norsk sérfræðingurinn **Dag Seierstad**, **Seierstad** og **Jostein Lindland**, framkvæmdastjóri, svara fyrirspurnum. Frjálsar umræður eftir því sem tími leyfir.

Staður: Háskóli Íslands við Suðurgötu. Háskólatorg (Salur HT 101)
Tími: Þriðjudagur 19. maí kl. 12.00-13.15

- Af hverju höfnuðu Norðmenn ESB-aðild tvívegis?
- Hvað geta Íslendingar lært af reynslu Norðmanna?
- Hvaða undanþágur fengu Norðmenn frá meginreglum ESB?
- Hver voru samningsmarkmið Norðmanna?
- Fer fylgi í Noregi við ESB-aðild vaxandi eða minnkandi?

Heimssýn
Hreyfing stjórnmálanna í Evrópuárum

Auglýsingasími

512 50 50

- Mest lesið

TÆKNI- OG
VERKFRÆÐIDEILD HR

Fyrirlestur dr. Ceon Ramon í dag kl. 16:00

SEGULSVIÐ MANNSINS OG LÆKNISFRÆÐILEG NOTKUN



Prófessor Ceon Ramon heldur fyrirlestur í heilbrigðisverkfræði við Háskólann í Reykjavík í dag, þriðjudaginn 19. maí, kl. 16:00. Í fyrirlestrinum verður farið yfir sögu mælinga á segulsviði mannsins, lífsegulmagns, tækni við mælingar og læknisfræðilega notkun. Erindið verður flutt á ensku.

Staðsetning: Stofa 101 í Ofanleiti 2, 103 Reykjavík.

Ceon Ramon er prófessor í heilbrigðisverkfræði við Háskólann í Reykjavík og jafnframt í rafmagnsverkfræði við University of Washington. Hann vinnur nú að þróun nýrrar tækni sem felst í raförvun heilans með það að markmiði að meðhöndla flogaveiki og slag.

Í heilbrigðisverkfræði er aðferðum verkfræðinnar beitt á eða í mannlíkamanum til að leysa mismunandi vandamál tilkomin vegna veikinda eða slysa, eða einfaldlega til að bæta lífsgæði og öryggi okkar allra. Oft er það svo, að heilbrigðisverkfræðingar vinna í teymum ólíkra sérfræðinga við þróun aðferða, búnaðar eða notkun þeirra á vettvangi fyrirtæka eða heilbrigðisþjónustunnar.

HÁSKÓLINN Í REYKJAVÍK
REYKJAVÍK UNIVERSITY

Ingibjörgu Auði Ingvarsdóttur var létt þegar hún fékk símtal frá Kirkjugörðunum: Legsteininn má setja við höfðalagið

FÓLK „Mér var sagt að ég mætti hafa legsteininn hvar sem ég vildi“, segir Ingibjörg Auður Ingvarsdóttir. Hún varpaði öndinni léttar í síðustu viku þegar hún fékk upphringingu frá Kirkjugörðum Reykjavíkur og henni tjáð að hún fengi að hafa legsteininn við höfðalagið eiginmanns síns.

Ingibjörg sagði frá því í Fréttablaðinu fyrir í mánuðinum hversu vonsvikin hún var þegar hún komst að því að legsteininn látins eiginmanns hennar, og síðar hennar sjálfar, þyrfti að vera til fóta vegna þess hvernig Gufuneskirkjugarður er skipulagður. Þar eru legsteinar til fóta við aðra



GUFUNESKIRKJUGARÐUR Leiðin snúa mót hvert öðru, en þeir látnu snúa í raun allir eins.

hverja gróf. Ingibjörg segist loks hafa fengið símtal frá starfsmanni Kirkjugarða Reykjavíkurprófasts-dæmis. Henni var sagt að ekki yrðu framar hannaðir kirkjugarðar með

þessu skipulagi og að henni væri frjálst að setja legsteininn við höfðalagið – og þar með við göngu-stíginn – ef henni sýndist svo. Og það ætla hún að gera.

„Ég spurði hann hvort hann gerði sér grein fyrir því að það væri nú ekki beint kristilegt að krossa allt-af öfugan kross yfir manneskju. Það væri nú til þess að koma henni til vísis. Hann sagðist skilja það,“ segir Ingibjörg.

Enn fremur hafi hún fengið þau skilaboð að héðan í frá yrðu allir látnir vita af því hvernig málum væri háttat og þeim gefið val um það hvorum megin legsteininn myndi standa.

- sh

Séra Gunnar gegn biskupi: Hefur ekki enn lagt fram kröfu

ÞJÓÐKIRKJAN Biskupi hefur ekki enn borist skaða- og miskabótakrafa frá séra Gunnari Björnsyni, sem hann boðaði fyrir hálfum öðrum mánuði. Þetta segir Ragnhildur Benediktisdóttir, skrifstofustjóri hjá Biskupsstofu.

Biskup setti séra Gunnar í tímabundið leyfi frá störfum hans við Sel-fosskirkju síðasta haust þegar hann sætti ákæru vegna kynferðisbrots gegn sóknarbörnum sínum. Hann var síðan sýknaður af ákærinni og hugðist sækja skaða- og miskabætur vegna leyfisins.



SÉRA GUNNAR BJÖRNSSON


- sh

Lýst yfir endalokum borgarastríðs

Stjórnarher Srí Lanka hefur drepit Velupillai Prabhakaran, leiðtoga tamílatígra (LTTE), vopnaðrar uppreisnarhreyfingar aðskilnaðarsinnaðra tamíla á Srí Lanka. Herinn segist hafa upprætt skæruliðasveitir Tamílatígra eftir umsátur um síðasta vígi þeirra á norðausturströnd eyjarinnar.



1956: Þjóðernisminnihluti tamíla missir réttindi er tunga sinhala er gerð að ríkismáli
1976: Hreyfing herskára aðskilnaðarsinna, LTTE, stofnuð að frumkvæði Velupillai Prabhakaran til að berjast fyrir sjálfstæðu ríki tamíla á NA-Srí Lanka.
1983: Vopnuð átök hefjast fyrir alvöru.
1987: Indverjar senda friðargæslulið til svæða tamíla en það snýr aftur heim þremur árum síðar.
1993: Liðsmaður LTTE myndir forseta Srí Lanka, Ranasinghe Premadasa, í sjálfsvígtil-ræði í Colombo.
2002: Stjórnin í Colombo og skæruliðar undirrita vopnahléssamning sem Norðmenn eiga milligöngu um.
2005: Mahinda Rajapaksa kjörinn forseti
2006: LTTE hefur árástir á ný.
2008: Ríkisstjórnin ógildir vopnahléssamning.
Jan. 2009: Herinn tekur höfuðvígi skæruliða í Kilinochchi og Mullaitivu.
Maí 2009: LTTE viðurkennir ósigur eftir að herinn upprættir síðasta vígi hreyfingarinnar.



Yfir 70.000 manns hafa látið lífið í hinu 26 ára langa stríði.

Ljósmynd: Getty Images

© GRAPHIC NEWS

Tamílatígrar sagðir sigraðir

Forsvarsmenn hers og ríkisstjórnar Srí Lanka lýstu því yfir í gær að stríði við skæruliða aðskilnaðarsinnaðra tamíla væri lokið. Leiðtogi þeirra lægi í valnum. Fjöldafögnumur braust út við tíðindin.

SRÍ LANKA, AP Srí Lanka-stjórn lýsti því yfir í gær að hún hefði lokið við að ráða niðurlögum tamílatígranna, uppreisnarhreyfingar aðskilnaðarsinnaðra tamíla á eyinni. Smíðshöggð á það verk hefði stjórnarherinn unnið með því að drepa Velupillai Prabhakaran, stofnanda og leiðtoga tamílatígra, sem fór fyrir vopnaðri baráttu fyrir sjálfstæðu ríki tamíla í nærri þrjú áratugi.

Ríkissjórnvarp Srí Lanka rauf útsendingu til að tilkynna um andlát Prabhakarans, og upplýsingaráduneyti ríkisstjórnarinnar sendi smáskilaboð í alla farsíma landsmanna með tilkynningu um dauða hans og næstráðenda, Soosai og Pottu Amman.

Tilkynningin hratt af stað miklum fjöldafögnum vítt og breitt um landið. Almennigur streymdi út á götur höfuðborgarinnar Colombo og brast í söng og dans.

Srí Lanka-stjórn hefur litið á dauða Prabhakarans sem forsendu fyrir því að binda enda á skæruhernað aðskilnaðarsinna, þar sem hann hefði getað nýtt sér alþjóðlegan smygilvef sinn og sambönd við tamíla búsetta erlendis til að vopna skæruliða á ný. En fall hans í bardaga gæti orðið til þess að gera úr honum píslarvott og hetju í augum annarra aðskilnaðarsinnaðra tamíla.

Á meðan Velupillai Prabhakaran var hetja í augum sumra voru samtök hans brennimerkt sem hryðjuverkassamtök bæði af yfirvöldum í Bandaríkjunum og Evrópusambandinu. Tamílatígrar voru sakaðir um að bera ábyrgð á hundruðum sjálfsvígssprengju-árása, þar á meðal morðtilræðinu við Rajiv Gandhi, fyrrverandi forsætisráðherra Indlands, árið 1991. Tamílatígrar víluðu heldur ekki fyrir sér að þvinga börn til þátttöku í hinni vopnuðu baráttu.

Yfirhershöfðingi stjórnarhersins, Sareth Fonseka, sagði í sjónvarpinu að herinn hefði á mánudagsmorgun upprætt síðustu leifar bardagasveita tamílatígra á umsáturssvæðinu á norðausturströnd landsins. Unnið væri að því að bera kennsl á lík Prabhakarans með öyggjandi hætti.

Ráðamenn Evrópusambandsins sögðu í gær að þeir myndu styðja alþjóðlega rannsókn á ásökunum um að stjórnarher Srí Lanka hefði gerst sekur um stríðsglæpi í loka-sókninni, þar sem allt of lítið til-lit hefði verið tekið til óbreyttra borgara sem lokuðust inni á milli víglína.

Að minnsta kosti 70.000 manns létu lífið í borgarastríðinu síðan það hófst fyrir 26 árum.

audunn@frettabladid.is

VORTILTEKT!



NU HREINSUM VIÐ ÚT 30-50% AFSLÁTTUR

Við eigum von á nýrri vörulínu frá **King Koil Comfort solution** og ætlum því, ánæstu dögum, að selja eldri gerðir

með allt að 50% afslætti.



QUEEN SIZE RÚM
(153x203 cm)

FRÁ 109.000 kr.



**30%
AFSLÁTTUR!**

Af sængurfatnaði
og heilsukoddum



ÁTTU VON Á GESTUM?

Í Rekkjunni er að finna eitt mesta úrval landsins af svefnsófum í einum stærsta og glæsilegasta svefnsófasýningarsal landsins.



rekkjan

Nýta frumkvæði og þekkingu ungs fólks

Ungt fólk tók málin í sínar hendur þegar stefndi í fjöldaáttvinnuleysi menntaskólanema. Hefur opnað samskiptavef til að tengja saman hugmyndafríkt fólk. Er til marks um hvernig á að hugsa þegar illa árar, segir menntamálaráðherra.


SAMFÉLAGSMÁL „Við vildum skapa vettvang þar sem allir geta komið saman og gert eitthvað sniðugt,“ sagði Hreiðar Már Árnason, einn aðstandenda nýrrar vefsíðu sem ætlað er að tengja saman ungt verkefnalítið fólk.

Hugmyndin gengur út á að ungt fólk með góðar hugmyndir geti fundið sér aðstöðu og fleira fólk sem sé tilbúið að taka þátt, sagði Hreiðar. Í því skyni hefur vefurinn frumkvæði.is verið opnaður.

Á vefnum geta einstaklingar, félagasamtök, fyrirtæki og aðrir lagt hugmyndir í hugmyndabanka. Þar má einnig setja inn hugmyndir um aðstöðu sem nýst getur ungu fólki, til dæmis skólahúsnæði, íþróttahús eða annað húsnæði sem stendur autt yfir sumartímann, segir Sindri Snær Einarsson, annar aðstandenda verkefnisins.

Samfélagið verður opið öllum, og þar verður hægt að byggja upp tengslanet, og koma sér og sínum hugmyndum á framfæri, segir Sindri. Hann segir vefinn þó alls ekki eingöngu fyrir þá sem séu með frábærar hugmyndir í kollinum. Allir séu velkomnir og vonandi verði fjölmörg áhugaverð verkefni sem fólk geti tekið þátt í.

„Þetta er til marks um hvernig við eigum að hugsa þegar illa árar,“ sagði Katrín Jakobsdóttir menntamálaráðherra, áður en hún opnaði formlega fyrir vefinn í Hugmynda-húsinu við Granda í gærmorgun.



Í NOTKUN Engu var líkara en að Katrín Jakobsdóttir menntamálaráðherra hefði þurft að fremja flókinn galdur til að opna vefsíðuna frumkvæði.is í Hugmyndahúsinu við Grandagarð í gær. Raunin var þó önnur því ráðherra dugði að ýta á takka til að taka vefsíðuna í notkun.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

SINDRI SNÆR
EINARSSONHREIÐAR MÁR
ÁRNASON

Hugmyndin að þessu verkefni kviknaði þegar ljóst var að allt stefndi í að stór hluti um þrjátíu þúsund framhaldsskólanema yrði verkefnalaus í sumar vegna erfiðs efnahagsástands, segir Hreiðar.

Guðjón Már Guðjónsson hefur ásamt Hugmyndaráðuneytinu komið að verkefninu. Hann segir vefinn heppilega lausn þar sem vandinn sé ekki bundinn við ákveðið svæði, heldur sé verkefnalítið ungt fólk um allt land sem geti nýtt sér vefinn.

Vefurinn geti til dæmis komið frumkvöðlum og sprötafyrirtækjum í samband við ungt fólk. Fyrirtæki geti einnig boðið nemendum starfsþjálfun, eins og þekkest víða erlendis.

brjann@frettabladid.is

ÁRSFUNDUR 2009

Ársfundur Sameinaða lífeyrissjóðsins verður haldinn miðvikudaginn 27. maí nk., kl. 16.00, á Grand Hótel, Sigtúni 38, Reykjavík.

Dagskrá

1. Fundarsetning
2. „Nýtt umhverfi lífeyrissjóða.“
Erindi Ólafs Ísleifssonar lektors við viðskiptadeild Háskólans í Reykjavík
Kaffihlé
3. Almenn ársfundarstörf
4. Tillögur til breytinga á samþykktum sjóðsins
5. Önnur mál löglega upp borin

Auk kjörinna fulltrúa eiga allir sjóðfélagar og réttahafar séreignarsparnaðar rétt til setu á fundinum.

Reykjavík 18. maí 2009
Stjórn Sameinaða lífeyrissjóðsins

Ársskýrslu, tillögur til samþykktabreytinga og dagskrá fundarins má nálgast á skrifstofu sjóðsins og á www.lifeyrir.is

Borgartún 30, 105 Reykjavík
Sími 510 5000
mottaka@lifeyrir.is
lifeyrir.is



Háskólinn
á Akureyri
University
of Akureyri

LÆRÐU HEIMA!

FJARNÁM VIÐ HÁSKÓLANN Á AKUREYRI ER GÓÐUR KOSTUR ÓHÁÐ BÚSETU

HÁSKÓLINN Á AKUREYRI BÝÐUR FJARNÁM Í ÖLLUM DEILDUM

HEILBRIGÐISDEILD

- ▶ Iðjuþjálfunarfræði B.S.
- ▶ Hjúkrunarfræði B.S.

HUG- OG FÉLAGSVÍSINDAEILD

- ▶ Kennarafræði B.Ed./ M.Ed.
(veitir kennsluréttindi í leik-, grunn- og framhaldsskólum)

VIÐSKIPTA- OG RAUNVÍSINDAEILD

- ▶ Líftækni B.S.
- ▶ Sjávarútvegsfræði B.S.
- ▶ Umhverfis- og orkufræði B.S.
- ▶ Viðskiptafræði B.S.

Engin skólagjöld, innritunargjald kr. 45 þúsund fyrir veturinn

UMSÓKNARFRETTUR ER TIL 5. JÚNÍ

Kynntu þér málið nánar á www.haskolanam.is, þar má panta kynningarefni um einstakar námsgreinar



Innréttingar í öll herbergi hússins

- glæsileg og vönduð vara
eitt hagstæðasta verð á markaðnum

EKKI BARA AFSLÁTTUR
einnig óbreytt grunnverð!

ELDHÚS

Innifalið í öllum innréttingum **BLUM** mjúk-lokun á skúffum og skápahurðum

25% afsláttur

DUCAL ljós eik



Verð kr. **351.950,-** með afslætti

35% afsláttur

HORIZONTAL
Amerísk hnota spínlogð



Verð kr. **483.850,-** með afslætti

FATASKÁPAR

Fataskápar í breiddum: 40, 50, 80 og 100 sm | hæð 240 sm



Ljós eik



Háglans - sprautulakkaður

Verð frá **37.890,-** stgr.



LINE
Hvít háglans sprautulakkað

30% afsláttur

Verð kr. **806.300,-** með afslætti

BAÐINNRETTINGAR



3 stærðir
VERÐ FRÁ: **24.900,-** stgr.
VERÐ ÁÐUR kr. 53.791,-

WLU 600 - 900


Stærðir:
60x48 sm
70x48 sm
90x48 sm



Innifalið í verði er skúffuskápur m/ mjúklökun, borðplata, höldur og ljóskappi

EKKI INNIFALIÐ Í VERÐI: HANDLAUG, SPEGILL, BLÖNDUNARTÆKI, LJÓS OG TAPPASETT

WLU 147
Speglskápur, handlaug og skúffuskápur með mjúklökun



Verð kr. **54.800,-** stgr

PVOTTAHÚS

innréttingar

35% afsláttur
á þvottahúsa innréttingum



hvít háglans



ödur

Verð **59.800,-** stgr. áður 91.990,-

kynntu þér úrvalið á **www.i-t.is**



- fyrir þitt heimili

Opið virka daga frá kl. 09-18 • laugardaga kl. 11-15 | Ármúla 31, 108 Reykjavík, sími 588 7332 i-t@i-t.is

Viðarvörn nr. 1 á Íslandi



Tryggðu viðnum þu bestu fánlegu vörn. Á Íslandi er allra veðra von. Tryggðu viðnum þu bestu fánlegu vörn. Á Íslandi er allra veðra von. Tryggðu viðnum þu bestu fánlegu vörn. Á Íslandi er allra veðra von. Tryggðu viðnum þu bestu fánlegu vörn. Á Íslandi er allra veðra von.

Notaðu sumarið til að verja viðinn!

Verið viðbúin vetrarhörkum

Þeir sem til þekkja nota Kjörvara á allt tréverk utanhúss. Reynslan hefur sýnt að Kjörvari er viðarvörn sem er gædd einstökum eiginleikum fyrir íslenskt veðurfar.

Kjörvari - fyrir íslenskar aðstæður


- það segir sig sjálft -

Útsöluastaðir Málningar:

BYKO Kópavogi • BYKO Granda • Litaver Grensásvegi • BYKO Kaupúni • BYKO Akranesi • Axel Pórarinsson málarameistari, Borgarnesi • Snæþvottur, Grundarfirði • Litabúðin Ólafsvík • Núpur, byggingavöruverslun, Ísafirði • Vilhelm Guðbjartsson málarameistari, Hvammstanga • Verslunin Eyri, Sauðárkróki • BYKO Akureyri • Verslunin Valberg, Ólafsfirði • BYKO Reyðarfirði • Verslunin Vík, Neskaupstað • BYKO Selfossi • Miðstöðin, Vestmannaeyjum • BYKO Keflavík • Öxull, Grindavík



Móðir mín, tengdamóðir, amma og langamma,

Lovísa Ibsen
frá Súgandafirði,

lést á Hrafnistu Hafnarfirði föstudaginn 15. maí. Minningarathöfn verður í Víðistaðakirkju föstudaginn 22. maí kl. 15.00. Útförin fer fram frá Suðureyrarkirkju laugardaginn 30. maí kl. 14.00.

Guðrún Egilsdóttir Ingólfur A. Steindósson
barnabörn og barnabarnabörn.



Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir og afi,

Guðmundur Ómar Jónsson
frá Grund, Ólafsvík, til heimilis að Bjarkarhrauni 11, Borgarbyggð,

lést á gjörgæsludeild LSH í Fossvogi fimmtudaginn 14. maí. Útförin fer fram í kyrrþey að ósk hins látna. Þeir sem vildu minnast hans er bent á VON, styrktarfélag skjólstaðinga gjörgæsludeildar LSH í Fossvogi. Reikn. 0513 26 3174 kt. 490807 1010.

Jónína Kristjánsdóttir Björg Guðmundsdóttir Stefán Már Guðmundsson Sigurður K. Sigþórsson Kristín Ósk Hjartardóttir
og barnabörn.



Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma, langamma og langalangamma,

Matthildur Jónsdóttir
Granaskjólí 11, Reykjavík,

sem lést á hjúkrunarheimilinu Sóltúni 13. maí sl., verður jarðsungen frá Friðkirkjunni í Reykjavík föstudaginn 22. maí kl. 15.00. Þeim sem vilja minnast hennar er bent á minningarsjóð Sóltúns, s. 590 6000.

Ingunn Ívarsdóttir Valdís Ragnheiður Ívarsdóttir Herdís Ívarsdóttir Ívar Ívarsson Viðar Stefánsson Ingi Þór Vigfússon Árný Sigríður Jakobsdóttir
barnabörn, barnabarnabörn og barnabarnabarnabarn.



Elskuleg eiginkona mín, móðir, tengdamóðir og amma,

Aðalheiður Björnsdóttir
Barðastöðum 21, 112 Reykjavík,

lést á Landspítalanum við Hringbraut föstudaginn 15. maí sl. Útförin verður gerð frá Grafarvogskirkju föstudaginn 22. maí klukkan 13.00.

Haraldur Eðvarð Jónsson Bjarni Ómar Haraldsson Jón Haraldur Haraldsson Rakel Björk Haraldsdóttir og ömmubörnin. Alda Guðmundsdóttir Heidi Björk Ásbjörnsdóttir Próstur Jóhannsson



Innilegar þakkir til allra þeirra sem sýndu okkur samúð og hlýðug við andlát og útför ástkærrar eiginkonu, móður, tengdamóður, ömmu og langömmu,

Þorbirnu Jakobsdóttur
Gránufélagsgötu 22, Akureyri.


Sérstakar þakkir til starfsfólks lyfjagæddar Sjúkrahúss Akureyrar fyrir góða umönnun. Guð veri með ykkur.

Marteinn Tryggvi Sigurólason Siguróli R. Marteinsonn Marteinn Tryggvi Sigurólason Björgvin Þór Sigurólason Eyþór Árni Sigurólason og barnabarnabarn. Sigfríð Friðbergdóttir Anna Kristín Sigursteinsdóttir Alda Ósk Hauksdóttir

MALCOLM X (1925-1965)
FÆDDIST PENNAN DAG.

„Framtíðin tilheyrir þeim sem búa sig undir hana í dag.“

Malcolm X var leiðtogi íslamskra blökkumanna í Bandaríkjunum. Hann var myrtur aðeins fertugur að aldri.



PETTA GERÐIST: 19. MAÍ ÁRIÐ 1990

Húsdýragarðurinn opnaður

Húsdýragarðurinn í Laugardal var formlega opnaður af Davíð Oddssyni borgarstjóra á þessum degi árið 1990. Ákvörðun um byggingu garðsins var tekin í borgarráði



vinnustofu hans. Markmið með byggingu húsdýragarðsins var að kynna borgarbum íslensku húsdýrin, færa þá nær íslenskum búskaparháttum og efla

Reykjavíkurlögum fjórum árum fyrr en framkvæmdir hófust árið 1989.

Á einu ári voru reist sex húsnámsdýrahalds, steypst selatjörn, landslag mótað fyrir refi, minka og hreindýr, beitarhölf afgirt og komið upp fiskeldiskerjum. Auk þessa var Hafrafelli, gömlu íbúðarhúsi Örlýgs Sigurðssonar listmálara, breytt í skrifstofu og kennslusalur útbúinn úr

tengsl milli manna og dýra.

Vinsældir Húsdýragarðsins voru miklar og því var tekin ákvörðun um að byggja Fjölskyldugarð í næsta nágrenni. Fyrsta skóflustungan var tekin árið 1991 og tveimur árum síðar var nýja svæðið formlega tekið í notkun. Í dag eru garðarnir reknir saman undir nafninu Fjölskyldu- og húsdýragarðurinn.

tímamót

timamot@frettabladid.is

ÁRSTÍÐABÓKIN SKOÐUÐ Marjatta Ísberg kennari og nokkrir nemendur Digranesskóla með nýju bókina.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA



DIGRANESSKÓLI: LÝKUR ÞRIGGJA ÁRA EVRÓPUVERKEFNI MEÐ ÚTGÁFU OG SÖNG

Sagnaarfur sameinar þjóðir

Digranesskóli heldur uppskeruhátíð í fyrramálið í tilefni þess að þrjú ára verkefni fjögurra evrópskra skóla er lokið. Það nefnist Comenius – Sögur úr Evrópu, og hefur Marjatta Ísberg kennari haft forystu í því frá upphafi. Þáttökulöndin eru Ísland, Finnland, Ítalía og Portúgal. Ungverjaland var líka með fyrsta árið en datt svo út.

„Við höfum verið að vinna með sagnaarfinn í víðri merkingu og hægt er að segja sögur á margan hátt, með orðum, tónlist, söng, teikningum og látragaði. Tilgangurinn er sá að börnin kynnist sínum eigin rötum og finni hvað þau eiga sameiginlegt með öðrum þjóðum og hvað ekki,“ segir Marjatta og nefnir sameiginlegt viðfangsefni. „Krakkar í hverju landi völdu eina þjóðsögu og teiknuðu myndir við söguna. Sendu svo myndirnar til næsta lands án nokkurs texta og krakkar í móttökulöndinu sömdu textann út frá myndunum. Næsta land tók við og bjó

til brúður og setti upp í Power Point í tölvu og fjórða landið hljóðsetti. Svo kom sagan aftur til upprunalandans. Í okkar tilfalli var sagan Trunt, trunt og tröllin í fjöllum notuð og þegar hún kom til baka var hún með ítölskum texta og portúgölskum brúðum. Okkar krökkum fannst hún hálf asnaleg þannig en við máttum engu breyta heldur tókum upp stutt myndband með útkomunni.“

Árstíðarsögur frá vinalöndunum fjórum eru nýkomnar út á bók. Þær eru myndskreyttar og textinn er bæði á frummálinu og ensku. „Við skilum bókinni á stafrænu formi til skólanna þannig að ef kennarar vilja þýða textann sjálfir, eða fela það eldri nemendum, þá geta þeir það. Þannig er hægt að leika sér með efnið.“ Hún nefnir líka safndisk sem verið er að gefa út með lögum sem nemendurnir hafa æft á þessum þremur árum. Nóttahefti með textunum fylgir með. „Þórdís Sævars-

dóttir tónlistarkennari okkar hefur umsjón með því,“ tekur Marjatta fram.

Comeniusar-verkefnið var styrkt af ESB og EES og Marjatta segir árangursmælingar hafa farið fram allan tímann. „Stjórnendurnir í Brussel leggja áherslu á lifandi móðurmál hvers lands. „Þeir átta sig líka á því að ef þeir vilja að börn læri meira um löndin, menningu og tungumál þeirra þá er best að virkja kennarana því þeir hafa svo mikil áhrif. Því hafa verið gagnkvæmar kennaraheimsóknir milli þessara fjögurra landa síðustu þrjú ár.“

Klukkan átta og tíu í fyrramálið verða stuttar samkomur fyrir foreldra í sal Digranesskóla. „Tónlistarkennararnir ákváðu að við lykjum þessu með því að nemendur syngju vináttusöng á öllum tungumálum. Svo sýnum við bókina og bíta af því sem við höfum sett upp á vídeó,“ lýsir Marjatta. „En í einni stofunni geta þeir sem hafa rýmri tíma skoðað meira efni.“

gun@frettabladid.is



Hjartans þakkir fyrir auðsýnda samúð og vinarhug vegna andláts og útfarar elskulegs föður okkar, tengdafaður, afa og langafa,

Ragnars Hermannssonar
frá Flatey á Skjálfanda.

Sigrún Ragnarsdóttir Helga Ragnarsdóttir Hermann Ragnarsson Erla Ragnarsdóttir barnabörn og barnabarnabörn. Gestur Gunnarsson Kristinn Hrólfsón Dómhildur Antonsdóttir Ómar Ingimundarson



Ástkær eiginmaður, faðir, tengdafaðir, afi og langafi,

Snorri P. Snorrason

lést á Droplaugarstöðum laugardaginn 16. maí.

Karólína Jónsdóttir Snorri P. Snorrason Kristín Snorraddóttir barnabörn og barnabarnabörn. Helga Þórarinsdóttir Magnús Eiríkur Jakobsón



BLÁTT ÁFRAM samtökin standa fyrir ráðstefnunni Forvarnir eru besta leiðin í Háskólanum í Reykjavík 19. og 20. maí. Þar verða skoðaðar leiðir sem samfélagið getur farið í til að fyrirbyggja kynferðislegt ofbeldi gegn börnum. Sjá www.blattafram.is.

ALLT

FRÉTTABLAÐIÐ

Sölufulltrúar Jóna María Hafsteinsdóttir jmh@365.is 512 5473 Hugi Garðarsson hugi@365.is 512 5447

Eirberg

Stuðningshlífar fjölbreytt úrval

www.eirberg.is • 569 3100 • Stórhöfða 25

Vertu liðtækur

Glucomed 625 mg

Glucomed inniheldur glúkósamín

Ekki má nota Glucomed:
- ef þú ert með ofnæmi fyrir glúkósamíni, einhverju öðru af innihaldsefnum eða skelfiski
- ef þú ert undir 18 ára
- ef þú ert þunguð eða með barn á brjósti

Gæta skal varúðar við notkun Glucomed ef þú þolir illa glúkósa, ef þú ert með vanstarfsemi í nýrum eða lifur eða ef þú ert með þekktan áhættuþátt fyrir hjarta- og æðasjúkdómum.

Tvær töflur á dag til að draga úr einkennum.

Lesið vandlega leiðbeiningar á fylgiseðli. Geymið þar sem börn hvorki ná til né sjá

VÍSIR.IS

"...ég sá það á vísi"



Ásdís er nánast alltaf á hreyfingu. Hún kennir fjölbreytta líkamsræktartíma og fer auk þess í afró og út að skokka.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Ekki stoppað frá unga aldri

Ásdís Halldórsdóttir byrjaði að kenna leikfimi ung að árum og hefur kennt og þjáfað úti um allan heim. Í dag kennir hún Body Jam og fleira frá morgni til kvölds ásamt því að skokka og dansa afró.

Ásdís Halldórsdóttir byrjaði í fimleikum sex ára, í djassballett upp úr fermingu og síðan hefur hreyfing af ýmsu tagi átt hug hennar allan. Hún fór að kenna leikfimi, eða eróbikk eins og það var kallað, sextán ára og hefur upp frá því kennt á hinum ýmsu námskeiðum, bæði hér heima og erlendis.

„Ég starfaði sem einkaþjálfari og leikfimikennari á skemmtiferðaskipum á árunum 2001 til 2004 og má því segja að ég hafi kennt úti um allan heim,“ segir hún og hlær. „Þegar ég kom heim varð ég mér svo úti um Body Jam-kennararéttindi og fór að kenna í Baðhúsinu.“

Body Jam, sem er upprunið á Nýja-Sjálandi, er eitt af átta líkamsræktarkerfum Les Mills og byggir á fjölbreyttum dansrútnum í takt við nýja danstónlist. Kerfin hafa náð mikilli útbreiðslu og eru kennd í 12.000 líkamsræktarstöðvum í sjötíu löndum. Í tímunum mætast Broadway-dansar, salsa, latin, hip hop, old school, afró, djass, popp og margt fleira, og hafa þeir að sögn Ásdísar verið afar vinsælir.

„Ég fæ senda nýja rútnu á þriggja mánaða fresti en sömu dansar eru kenndir á sama tíma úti um allan heim. Ég er alltaf jafn spennuð að fá nýtt prógramm og dansa eins og vitleysingur

fyrir framan sjónvarpið í stofunni til að ná sporunum áður en ég frumflyt þau í tíma. Rútnuna kenni ég svo í nokkrar vikur til að þátttakendur, sem eru á öllum aldri, nái góðum tókum á sporunum og geti sett í þau meiri kraft.“

Í dag kennir Ásdís Body Jam í Hreyfingu en auk þess átaksnámskeið, pilates og strive. Hún lætur þó ekki þar við sitja og er dugleg að fara út að skokka og þá sérstaklega yfir vor- og sumartímanna. „Svo er ég alltaf með annan fótinn í afró í Kramhúsinu en ég kynntist afródansi í Gíneu í Afríku árið 2000 og hef verið háð honum síðan.“ *vera@frettabladid.is*

LYFJA
- Lífið heil

15% verðlækkun+
LAMISIL ONCE

15% verðlækkun+
NICOTINELL Mintutyggjó

www.lyfja.is

Lægra verð í Lyfju

+ Gildir út maí 2009

YLSTRÖNDIN NAUTHÓLSVÍK er höfð opin frá klukkan 11 til 19 alla daga í sumar til 14. ágúst. Aðgangur að ströndinni, setlaugum, búningsklefum og salernum er ókeypis en greiða þarf 200 krónur fyrir að geyma fót í fatageymslu Ylstrandarinnar.



Nýkomnar margar gerðir af opnum dömuskóm.

Stærðir 36 - 42
Verð: 10.900.-

Misty skóir

Góð þjónusta - fagleg ráðgjöf

Laugavegi 178 • Sími: 551 2070
Opíð: mán - fös: 10 -18, lau 10 -14
www.misty.is

Takk fyrir vatnið

907 2002

Hjálparstarf kirkjunnar
www.help.is



Matti segir allt of marga sem vilja bæta heilsuna flækja mjög einföld atriði.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Næstu fyrirlestrar og námskeið

Heilsuvörumarkaður

19. maí **Læsi á eigin líðan**
Bjargey Aðalsteinsdóttir Íþróttaræðingur

23. maí **Hláturjoga með jákvæðu styrkjandi ívafi**
Ásta Valdimarsdóttir Hláturjogakennari

26. maí **Erum við andleg og líkamleg eiturefna-úrgangs-ruslaskrímli**
Edda Björgvins leikkona

28. maí **Hvað er málið með aukakílóin?**
Matti Ósvald heilsufraeðingur

02. júní **Ævintýralíf**
Benedikta Jónsdóttir heilsuráðgjafi

Opið virka daga kl. 10-20
laugardaga kl. 10-17

maður lifandi
Borgartúni 24 og Hæðasmára 6
www.madurlifandi.is

Rétt hugarfar skiptir máli

Heilsuráðgjafinn Matti Ósvald fjallar um nokkur einföld ráð til að bæta heilsuna í fyrirlestrinum Hvað er málið með aukakílóin? í Manni lifandi. Hann segir rétt hugarfar nauðsynlegt til að ná góðum árangri.

„Hugarfarið skiptir auðvitað sköpum,“ segir heilsuráðgjafinn Matti Ósvald, sem heldur fyrirlesturinn Hvað er málið með aukakílóin? í Manni lifandi í Borgartúni 24 fimmtudaginn 28. maí. Þar fer Matti yfir mikilvægi rétts hugarfars til að ná árangri í heilsuefningu og ljóstrar upp nokkrum vel völdum ráðum.

„Við búum til mynd af okkur í hugarum eins og við viljum verða. Það þarf að skipta okkur meira máli áður en við förum að gera nokkuð annað,“ nefnir Matti. Hann lærði heildræn heilsufræði við International School of Bodywork í San Diego, Kaliforníu og hefur á síðustu

fimmtán árum rætt um heilsufars-tengd málefni við fjölda Íslendinga. Hann bætir við að til að ná árangri verðum við að læra að setja okkur raunhæf markmið og aðferðir til að uppfylla þessi markmið.

Matti bendir jafnframt á að flestir sem ætli sér að bæta heilsuna klikki oft á ótrúlega einföldum atriðum. „Það er ekki nóg að huga bara að því hvað við setjum ofan í okkur, heldur megum við ekki gleyma að hreyfa okkur. Oft snýst líka betri heilsa um að bæta og einfalda lífsstíl okkar,“ útskýrir hann og nefnir sem dæmi þann algenga misskilning að matvörur sem sagðar eru vera fitulausar eða

fitusnaugar eigi að leysa heilsufarsleg vandamál.

„Í slíkum tilvikum er einfaldlega nóg að spyrja sig hvort þessar tilteknu vörur hafi virkað og við séum að greinnast.“ Hann ítrekar að málið snúist um almenna skynsemi og bendir á hversu hæpið er að halda því til dæmis fram að fitusnaður ostur eigi að grenna okkur. Staðreyndin sé sú að fituskertur ostur innihaldi yfirleitt meira af bindiefnum en sá fituríki.

Fyrirlesturinn er frá klukkan 17.30 til 19.30 í Manni lifandi og er hægt að skrá sig á hann á vefsíðunni www.madurlifandi.is.

vala@frettabladid.is

FLOTT Í SUMAR...
með Slendertone
dömu/herra belti

System kr. 29.900,-

Flex Max kr. 24.900,-
Flex kr. 19.950,-

NÝTT

allt fyrir kroppinn
HREYSTI
Skeifunni 19 • S. 568 1717
www.hreysti.is

Sama verð um land allt - frí heimsending fyrir utan höfuðborgarsvæðið

Algerlega ný hönnun heyrnar-tækja.

Tækid sem enginn verður var við.

be by ReSound™ er nýjasta tæknibyltingin í heyrnartækjum, hönnun þeirra byggir á algerlega nýrri hugsun. Þau eru hulin í eyrunum og eru svo létt og þægileg að notandinn gleymir því að hann er með þau og aðrir taka heldur ekki eftir þeim.

be by ReSound™ er algerlega nýtt úrræði fyrir þá sem þurfa að nota heyrnartæki

be by ReSound eru vart greinanleg í eyrunum

be BY RESOUND™

Heyrnarþjónustan
HEYRN

Hlíðasmári 11, 201 Kópavogur - heyrn.is
Tímarpantanir 534 9600

Myndamerkingar það sem koma skal

Tóbakslausi dagurinn er haldinn hérlendis 31. maí. Myndamerkingar eru sérstakt þema dagsins í ár.

Tóbakslausi dagurinn hefur verið haldinn hérlendis frá árinu 1979 í samvinnu við Alþjóðlegu heilbrigðismálastofnunina (WHO). Hvert ár er hann helgaður sérstöku þema og í ár eru það myndamerkingar á sigarettupökkum. Að sögn Báru Sigurjónsdóttir hjá Lýðheilsustöð eru þær taldar ýta undir að fólk hætti reykingum og þannig stuðla að bættum lífsgæðum, auk þess að draga úr dauðsföllum af völdum reykinga.

„Þessar myndir eru náttúrulega mjög lýsandi fyrir þau skaðlegu áhrif sem reykingar hafa og fæla marga frá. Svo er þemað í ár afar viðeigandi þar sem Alþingi samþykkti fyrr á árinu lagafrumvarp um myndamerkingar á sigarettupökkum sem taka gildi á næsta ári.“

Bára segir kannanir sem gerðar hafa verið á vegum Alþjóðlegu heilbrigðismálastofnunarinnar sýna að slíkar myndir hvetji reykingafólk til að hætta. Því verði forvitnilegt að sjá hvaða áhrif þær muni hafa hérlendis. Almennt segir hún



Rannsóknir sýna að dregið hefur úr hjartaáföllum þar sem reykingabann hefur verið sett á.

NORDICPHOTOS/GETTY

kannanir sýna að reykingar séu á undanhaldi á Íslandi og útilokar ekki að reykingabannið sem tók gildi í júní 2007 hafi haft óbein áhrif þrátt fyrir að vera hugsað sem vinnuverndarlög. „Það væri í takt við það sem hefur gerst erlendis, þar sem dró úr reykingum nokkrum mánuðum eftir að reykingabann var sett á.“

Sjá www.lydheilstud.is og svo www.who.int/tobacco/en/.

- rve



NOKKUR ORÐ
Freyr Gígia Gunnarsson

Íslenska afrekssafnið

Árangur Jóhönnu Guðrúnar í Moskvu var endanleg sönnun fyrir því að íslenska þjóðin þarf á afrekssafni að halda. Þar yrði safnað saman minningum um helstu sigra þjóðarinnar á erlendri grundu. Í anddyrinu væri platti þar sem á stæði „Stórasta land í heimi: Velkominn á Silfursafn íslensku þjóðarinnar“.

Þegar gestirnir gengju inn væri fyrsta álman tileinkuð „we almost won“-sigrunum. Þar væri auðvitað að finna hápunkta úr leik Frakka og Íslendinga á Stade de France þar sem íslenska landsliðinu tókst næstum því að leggja heimsmeistarana að velli. Auðvitað væru líka myndir af Magna Ásgeirssyni og nokkur brot frá frammistöðu hans í Rock Star: Supernova. Svo tæki við

„bronsdeildin“ en þar væru meðal annars myndir af Bjarna Friðriks frá Ólympíuleikunum í Los Angeles og Völu Flösa.

Stærsta álman, og sú sem við værum langsamlega stoltust af væri „Silfurdeildin“. Þar væri upptaka með þrístökki Vilhjálm Einarssonar í Melbourne árið 1956, myndband með söng Selmu Björns frá árinu 1999, klæðnaður hennar yrði kirfilega varðveittur og svo gætu safngestir lært sporin sem frakkaklæddu mennirnir stigu í Jerúsalem. Svo yrði auðvitað glæsilegur safnskápur með Silfurdrengjunum frá Peking, menn gætu mátað búning af Sigfúsi Sigurðssyni og fleira í þeim dúr. Kjóll Jóhönnu Guðrúnar yrði síðan auðvitað á áberandi stað. Síðasta álman væri auðvitað tileinkuð einum glæsilegasta og eftirminnilegasta sigri íslensku þjóðarinnar; þar væri nefnilega Bermúðaskálin geymd og þar gætu menn lært broshernaðartaktana.



myndasögur

■ Pondus

Eftir Frode Øverli

Jæja. Nú verðum við að setja reglur hérna. Koma hlutunum í fastar skorður!

Ekki veitir af!

Við förum að sofa klukkan sjö. Á mínúttunni!

Gott plan.

Þá er hann kominn í koju. Við heyrum í honum ef hann fer að gráta.

Barnið fer að sofa klukkan sjö, Jói!

Ó!



■ Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman

Þegar við leggjum upp í langferðina okkar ættum við að halda okkur mest á litlum sveitavegum.

Rétt.

Þá sjáum við landslagið... og náum sambandi við fólk, ekki satt.

Rétt.

Auk þess held ég að þessi bíll nái aldrei hraðanum sem þarf á þjóðveginn.

Hárrétt.



■ Handan við hornið

Eftir Tony Lopes



■ Kjölturakkar

Eftir Patrick McDonnell



■ Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman



Góð hreyfing

er lykillinn að góðri heilsu



Laugarnar í Reykjavík



www.itr.is | sími 411 5000

Hvar hafa Orabaunirnar lit sínum glatað?

Hver er í hvaða stríði? Hvaða stríð kemur mér við? Það eru mjög fáar þjóðir sem geta blygðunarlaust sungið glaðbeittar um hið indæla stríð. Tyggjó, nælonskkahegheit, unaðsstund í fangi lokkandi liðsforingja og allt í gúddi fíling af því við græddum svo mikið á stríðinu. Þetta er sú stríðsmynd sem oftast hefur ratað upp á íslensk leiksvið. Nú kveður aftur á móti við annan tón. Nú erum við orðin ábyrg og farin að átta okkur á því að til þess að skilja stríð verðum við að gera okkur grein fyrir því og helst með því að skella okkur í stríðsleik, finna fyrir því á eigin skinni. Listahátíð er hafin og sólin skín í samkeppni við stjörnur sem þar koma fram. Á laugardagskvöldið var hægt að komast í flóttamannabúðir fyrir framan og inni í gamla Landsbókasafnhúsinu við Hverfisgötu.



LEIKLIST Margrét Vilhjálmsdóttir leikkona er höfundur og stjórnandi leiksyningar í Þjóðmenningarhúsi og hefur mátt hafa margar hendur til að koma henni saman.

LEIKLIST

Ora Orbis Terræ

Leikstjóri og listrænn stjórnandi: Margrét Vilhjálmsdóttir. Hrud Gunnsteinsdóttir höfundur leikþáttar inni í heildargjöningi. Aðrir listrænnir stjórnendur: Karl Ágúst Þórbergsson, Eva Rún, Friðgeir Einarsson. Tónlist og hljóðmyndir: Gunnar Tynes. Leikmynd og búningar: Þórunn Elísabet Sveinsdóttir. Einsöngur: Romy Þorbjarnarson. Hljómsveitin Varsjárbandalagið. Fjólmargir leikarar, dansarar úr Kramhúsi söngkonur úr Vox Feminae og fjöldinn allur af öðru listafólki tók þátt í sýningunni.

★★

Löng og sundurlaus sýning en full af góðum hugmyndum

Líkama sinn með áburði og velklæddu hjónin látast hafa mikinn áhuga fyrir illa lesnum rímum sem hrökkva af vörum flöskukarls þó að eiginmaðurinn ráði ekki við aðdráttarafl hinnar beru stúlku. Maðurinn fær störu, konan glerfúl geiflar sig og geiflar til þess að ná athygli síns ektamanns, en litli barnskroppurinn með rauðan dúsk í klofinu átti athygli hans alla.

Gestum er deilt í hópa og hver hópur, rauður, grænn eða blár fylgir svo sínum leiðtoga sem lóðsár

mannskapinn á mismunandi pósta þar sem stimplað er í þessa passa eftir að einhvers konar fáránleiki hefur farið fram. Eins og til dæmis asnalegar mælingar á handleggjalengd, eða einhvers konar yfirheyrslur um eitthvað, bara eitthvað.

Í upphafi les ungur nýútskrifaður leikari upp í anddyri Þjóðmenningarhússins einhverja steypu um þjóðmenningu og hver eða hvað hún nú er. Upphafið var nokkuð gott og benti til þess að hér væri kannski einhver smáhúmor undirliggjandi en það varð nú því miður ekki. Þó svo að margt hafi verið ákaflega vel gert og flestir listamannanna skilad sínu verki með þryði þá vantaði húmor í heildina. Kannski má segja að áhrifin sem aðstandendur sýningarinnar hafa beðið eftir þyldi ekki húmor.

Til þess að þjást í flóttamannabúðum verður sá sem ætlar að lifa sig inn í það að þjást í gegnum allt of langa og losaralega sýningu á mörgum hæðum þar sem samhenginu var ekki beinlínis fyrir að fara. Hóparnir fóru ekki á sömu pósta samtímis og því má segja að sýningin hafi raðast misvel upp fyrir áhorfendur. Innan um allt þetta fólk var svo draumurinn um Walt Disney og töfrasmíðju hans tekinn af lífi og aumingja Rauðhetta garmurinn þeyttist milli herbergja líklega nýbúin að éta úlfinn því blóðið löðraði niður munnvik hennar, nema ef vera skyldi að hún hefði sporðrennt

ömmunni. Hans og Gréta voru eins og mállausir jóðlarar fölgrá að reyna að bjarga fólki milli þess sem hávær kraftmikil Balkanhljómsveit þeyttist um eins og til að minna á að við værum einmitt í því stríðinu.

Allir þessir gjörningar, öll þessi myndbrot enduðu svo í langdregnu nauðgunaratriði eftir yfirheyrslur ungra kvenna í stærsta sal hússins. Þar söng Romy Þorbjarnarson sorgaróð. Fallegur söngur en því miður gafst gestum ekki tækifæri til þess að þakka henni né öðrum listamönnum, sem vissulega áttu

þakkir skildar, því enn var óskráð og mönnum skipað á fætur og enn voru hóparnir lóðsaðir og það alla leið út á hlað þar sem íslensk kvennasöngsveit söng út í loftið. Það má nú samt eiginlega segja að þetta hafi verið ágætur endir og nokkuð snilldarlega til fundið, því niðurstaðan getur verið að það er sama hversu mikið af bæklingum eða alvöru hælisleitendum eða hrottalegum upplýsingum sem sturtað er yfir okkur. Við heyrum fyrst og fremst vella á heiðum hverji.

Elísabet Brekkán

Hluthafafundur Exista hf.
26. maí 2009



Hluthafafundur Exista hf. verður haldinn þriðjudaginn 26. maí 2009 í höfuðstöðvum félagsins að Ármúla 3, 5. hæð, Reykjavík, og hefst fundurinn kl. 10:00.

Dagskrá:

- Tillögur til breytinga á samþykktum Exista hf.:
 - Breyting á 1. mgr. 11. gr. að aðalfund skuli halda fyrir lok ágúst ár hvert.
 - Breyting á 1. mgr. 12. gr. að til hluthafafundar skuli boða á sannanlegan hátt.
 - Breyting á 2. mgr. 19. gr. að eigi síðar en viku fyrir aðalfund skal stjórn félagsins leggja fram ársreikning, ársskýrslu stjórnar og endurskoðunarskýrslu og gera aðgengilega fyrir hluthafa.
- Önnur mál.

Tillögur frá hluthöfum sem bera á upp á hluthafafundi skulu vera komnar í hendur stjórnarinnar eigi síðar en sjö dögum fyrir fundinn.

Dagskrá og endanlegar tillögur munu liggja frammi á skrifstofu félagsins hluthöfum til sýnis viku fyrir hluthafafund.

Fundargögn verða afhent á fundardaginn frá kl. 09:30 á fundarstað að Ármúla 3.

Reykjavík 19. maí 2009

Stjórn Exista hf.

EXISTA hf. | Ármúla 3 | 108 Reykjavík | Sími 550 8600

FÆRÐU BRJÓSTSVIÐA EÐA SÚRT BAKFLÆÐI?...



Nýtt!

...Nú færðu Losec mups* án lyfseðils í næsta apóteki!

*Omeprazol

Notkunarsvið: Losec Mups syrubolnar töflur innihalda efnið omeprazol sem hefur magasýrufrámiðslu. Losec Mups er notað við tilfallandi brjóstsviða og súru bakflæði. Ekki má nota lyfið ef þú ert með ofnæmi fyrir omeprazoli eða einhverju öðru innihaldsefnanna eða samhliða lyfjum sem innihalda atazanavir. Gæta skal varúðar ef þú færð einhver af eftirtöldum einkennum: Verulegt þyngdartap, endurtækn uppköst, kyngingarferliðleika, blóðuppköst eða blóð í hægðum. Þá skal hafa samband við lækni. Látið lyfjafræðing vita um önnur lyf sem eru notuð eða hafa nýlega verið notuð. Meðganga og brjóstgjöf: Losec Mups má nota á meðgöngu. Konur með barn á brjósti eiga að leita ráða hjá lækni áður en notkun hefst. Skömmtun: Ein Losec Mups 20 mg tafla ekki oft en einu sinni á sólarhring. Ef einkennin hafa ekki horfið eftir 14 daga stöðuga notkun skal hafa samband við lækni. Gleypa á töflum heilar með ½ glasi af vökva. Hvorki má tyggja þær né mylja. Töflumár má leysa upp í vatni eða einhverjum súrum vökva (t.d. ávaxtasafa) og taka þannig inn. Það skiptir ekki máli hvort Losec Mups er tekið inn með eða án matar. Algengustu aukaverkanir eru: Höfuðverkur, niðurgangur, ógleði/ uppköst, kvíðverkir, hægðatregða og aukinn vindgangur. **Lesið vandlega allan fylgiseðilinn sem fylgir lyfinu.** Geymið þar sem börn hvorki ná til né sjá. Mars 2009.

AstraZeneca
annum um líf og líðan

vísir.is
"...ég sá það á vísi"

> LIAM MEÐ LÆTI

Oasis-söngvarinn Liam Gallagher lenti í orðaskiptum við stuðningsmenn Tottenham þegar hann var á meðal áhorfenda á leik liðsins við Manchester City um helgina. Liam er harður stuðningsmaður City og brást við hrópum Tottenham-manna með því að sýna þeim dónalega handahreyfingu. Öryggisverðir brugðust skjótt við og fengu Liam til að setjast niður áður en lætin mögnuðust.



fólk

folk@frettabladid.is

Jordan og Pete hittast fyrir börnin

Um fátt er meira rætt í Bretlandi en skilnað smástirnisins Peter Andre og glamúrfyrirsætunnar Katie Price, sem er betur þekkt sem Jordan. Mirror átti fárra úrkosta vól en að birta flennistöra mynd af Pete í bíl sínum undir fyrirsögninni „D-Day“. Í frétt Mirror kemur fram að Jordan og Peter hafi ákveðið að hittast á hlutlausum stað til að ræða um forræðið yfir börnunum þeirra tveim. Þá ku Peter hafa gert þá kröfu að fá að halda sambandi við Harvey, ávöxtinn af sambandi Jordan og Dwrights Yorke, fyrrverandi leikmanns Manchester United.

Jordan og Peter hafa reynt að róa taugarnar á sólríkum stöðum. Peter hefur haft athvarf í húsi sínu á Kýpur á meðan Jordan hefur sleikt sólina á Maldíveyjum ásamt börnunum Junior

og Princess Tiaamii. Harvey, sem er sjö ára, varð hins vegar eftir í London. Peter er sagður brjáláður yfir þeirri ákvörðun Jordan að selja myndir af sér og börnunum til slúðurblaðanna fyrir svimandi háar upphæðir og það má flestum vera ljóst að þessi skilnaður verður seint sagður fara fram í kyrrþey. „Ég hefði aldrei gert þetta, mér finnst þetta ómurlegt,“ sagði Peter í samtali við Mirror. „Skilnaðurinn er of skammt á veg kominn til að ég geti talað um hann, þetta er allt of sársaukafullt,“ bætti Peter við. Ekki er ljóst hversu miklir fjármunir eru í spilunum en Jordan hefur gert það gott við að sitja fyrir fáklædd á dagatölum. Þau rökðu síðan saman nokkrum krónum þegar þau tóku þátt í raunveruleikabáttaseríunni I'm a Celebrity... Get Me out of Here!



ERFITT Skilnaður Peters Andre og Jordan er á flestra vörum í Bretlandi enda virðist þeim fátt, ef nokkuð, heilagt. NORDICPHOTOS/GETTY

Penn leikur rokkara

Sean Penn er í samningaviðræðum um að leika aðalhlutverkið í myndinni This Must Be the Place með ítalska leikstjórnann Paolo Sorrentino við stjórnvölinn. Myndin fjallar um forríka rokkstjörnu sem leiddist aðgerðaleysi sitt og ákveður að leita uppi morðingja föður síns, sem er fyrrverandi nasisti búsettur í Bandaríkjunum. Penn, sem vann Óskarið fyrir á árinu fyrir Milk, er með fleiri verkefni í burðarliðnum, þar á meðal The Three Stooges í leikstjórn Farrelly-bræðra. Auk Penns leika þar aðalhlutverkin Jim Carrey og Benicio del Toro.



Sigga & Timo

GULLSMÍÐI
STRANDGATA 19 · SÍMI 565 4854



NAUT VEÐURBLÍÐUNNAR Hrafna Hanna Elísa átti að heita Hanna Elísa en eftir að hún tamdi hrafn sem hún fann var nafninu breytt í Hrófnu. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Idolstjarna í Nauthólsvík

Idolstjarnan Hrafna nýtur lífsins eftir sigurinn á föstudagskvöld. Hún ætlar í háskóla í haust og er spennst fyrir jarðfræði.

Hrafna Hanna Elísa Herbertsdóttir, Idolstjarna ársins 2009, nýtti sér góðviðrið sem lék við höfuðborgarbúa í gær og sleikti sólina í Nauthólsvík. Fámennst var við ylströndina þegar Fréttablaðið náði tali af henni og því höfðu fáir komið auga á þennan nýjasta söngflugl þjóðarinnar. Hrafna Hanna bar sigurorð af Önnu Hlín á föstudagskvöldið og fékk að launum tvær milljónir íslenskra króna. „Þessir pening-

ar verða geymdir, fyrir plötu og háskólanámið,“ segir Hrafna.

Söngkonan segist þó ekki vera búin að gera upp hug sinn hvaða nám hún hyggst leggja fyrir sig, viðurkennir þó að jarðfræðin heilli. Ekki nema von því að hennar sögn er bóndabærinn Teigarhorn í Djúpvogi, þar sem hún býr, ein af þremur stærstu geislasteinanámum í heiminum. Fjölskyldufólkið á Teigahorni er þó ekki námufólk né er með skepnur því þau eru skógræktarbændur, rækta barrskóg. Hrafna segist hins vegar síður en svo vera með græna fingur. „Nei, því fer ansi fjarri,“ segir hún og hlær.

Hrafna á sem stendur engan

kærasta og hún óttast ekki að þykka bankabókin eftir Idol-sigurinn eigi eftir að draga að sér hvers kyns gráduga fauta. „Nei, það verður ekkert vandamál,“ segir Hrafna en til gamans má geta að nafnið hennar, sem samanstendur af þremur eiginöfnum og föðurnafni, stenst reglur þjóðskrárinnar. „Hins vegar heiti ég Hrafna Hanna E. Herbertsdóttir á öllum kortum,“ segir hún. Hrafna kvaðst ekki svekkt yfir því að hafa hálfpartinn fallið í skuggann af velgengni Jóhönnu Guðrúnar en hún lenti sem kunnugt er í öðru sætinu í Eurovision kvöldið eftir. „Síður en svo, ég er bara alveg ákaflega stolt af henni.“

freyrgigja@frettabladid.is

Nú er **20% afsláttur** af Lux útiljósum í maí

Í maí bjóðum við upp á lýsingaráðgjöf fyrir garðinnþér að kostnaðarlausu. Sendu tölvupóst á radgjof@lumex.is og við gefum þér tíma hjá ráðgjöfum okkar.

Opið alla virka daga frá 9 - 18.

Lumex | Skipholti 37 | Sími 568 8388 | www.lumex.is

LUMEX

Íslensk hönnun og framleiðsla

SÓMAVIKA Í FJARÐARKAUP 18.- 23. MAÍ



SÓMI

15%
AFSLÁTTUR

AF ÖLLUM VÖRUM FRÁ SÓMA
18.- 23. MAÍ Í FJARÐARKAUP



www.somi.is

Opið mánudaga - miðvikudaga frá 09:00 - 18:00, fimmtudaga 09:00 - 18:30, föstudaga 09:00 - 19:00 og laugardaga 10:00 - 16:00, lokað sunnudaga

FK

FJARÐARKAUP



Elmar Blær Arnason – Hrafnagilsskóli



Harpa Mjóll Þórsdóttir – Húsaskóli



Ingibjörg Elísa Jónatansdóttir – Öldutúnsskóli



Sveinbjörg D. Steinþórsdóttir – Fellaskóli

Mjólkursamsalan þakkar góða þátttöku

Síðastliðið houst hélt Mjólkursamsalan teiknisamkeppni í tengslum við flþjóðlega skólarmjólkurdaginn.

Afraksturinn var frábær – nærri 900 myndir bárust frá 4. bekkjum í grunnskólum landsins í keppnina um verðlaunasætin tíu. Hér á síðunni má einmitt sjá vinningsmyndirnar.

Við þökkum öllum þátttakendum kærlega fyrir!

Mjólkursamsalan



Lára Sif Davíðsdóttir – Sjálandsskóli



Hafþór Ingólfsson – Nesskóli



Valgerður Pétursdóttir – Síðuskóli



Kristín María Vilhjálmsdóttir – Fellaskóli



Þórhallur Tryggvason – Ísaksskóli



Embla Líf Treppe Etsudóttir – Grunnskóli Bláskógabyggðar



VOR ÚTSALA

ALLT AÐ 60% AFSLÁTTUR

42" SJÓNVÖRP MEÐ ALLT AÐ 100 ÞÚSUND KRÓNA AFSLÆTTI

JVC PHILIPS TOSHIBA Panasonic

ÚTVARPSTÆKI

FULLT VERÐ 3.490

TILBOÐ 1.990

Dantax **AFSL. 43%**

STAFRÆNIR MYNDARAMMAR

VERÐ FRÁ 4.990

 **Lenco** PHILIPS
AUDIO-VIDEO

JVC HEYRNARTÓL

MARGAR GERÐIR

**ALLT AÐ 60%
AFSLÁTTUR**

STAFRÆNAR MYNDAVÉLAR

VERÐ FRÁ 12.990

OLYMPUS CASIO *Nikon* Panasonic

JBL harman/kardon

JBL harman/kardon

HLJÓMTÆKI OG HÁTALARAR MEÐ ALLT AÐ 25% AFSLÆTTI



Sjónvarpsmiðstöðin

RAFTÆKJAVERSLUN • SÍÐUMÚLA 2 • SÍMI 568 9090 • www.sm.is



Í KVÖLD

STÖÐ 2 KL. 22.05

Gavin and Stacey

Breskir gamanþættir um Gavin og Stacey, sem í upphafi þekkjast aðeins í gegnum vinnuna. Þau hafa talað margoft saman í síma en aldrei sést enda búa þau í sínum landshlutanum hvort. Þau láta svo loksins til skara skríða, fara á hálfblint stefnumót, og þá verður ekki aftur snúið. Ást við fyrstu sýn er staðreynd sem þau fá ekki umflúið hvort sem vinum þeirra líkar betur eða verr. Þættirnir voru einnig frumsýndir í Bandaríkjunum fyrir á árinu við gríðarlega góðar undirtektir gagnrýnenda.



VIÐ MÆLUM MED Skólaklíkur (Greek) NÝTT Sjónvarpið kl. 20.10

Bandarísk þáttaröð um systkinin Rusty og Casey Cartwright og fjögur félagslíf þeirra í háskóla. Rusty er að hefja nám í Cyprus-Rhodes-háskólanum og er staðráðinn í að komast í fjögura strákaklíku sem fyrst. Casey systir hans er þegar farin að sýna klærnar í stelpnaklíku og finnst það ömurleg tilhugsun að yngri bróðir hennar muni þvælast fyrir henni og gera henni lífið leitt.



RÁS 1 FM 92,4/93,5

- 06.38 Morgunvaktin
- 06.40 Veðurfreginir
- 06.50 Bæn
- 07.03 Auðlindin
- 07.10 Morgunvaktin heldur áfram
- 08.00 Morgunfréttir
- 08.11 Morgunstund með KK
- 08.30 Fréttayfirlit
- 09.05 Okkar á milli
- 09.45 Morgunleikfimi
- 10.03 Veðurfreginir
- 10.13 Pipar og salt
- 11.03 Samfélagið í nærmynd
- 12.02 Hádegisútvarp
- 12.20 Hádegisfréttir
- 12.45 Veðurfreginir
- 13.00 Vítt og breitt
- 14.03 Öreigaskáldsögur
- 15.03 Útvarpssagan: Höfuðlausn
- 15.30 Kenny Burrell kvintettinn leikur
- 16.00 Síðdegisfréttir
- 16.10 Veðurfreginir
- 16.13 Hlaupanótan
- 17.03 Víðsjá
- 18.00 Kvöldfréttir
- 18.16 Spegillinn
- 19.00 Endurómur úr Evrópu
- 20.00 Leynifélagið
- 20.30 Bláar nótur í bland
- 21.00 Í heyranda hljóði
- 22.12 Orð kvöldsins
- 22.15 Fimm fjórðu
- 23.00 Gatan mín
- 00.07 Næturónar

FM 90,9 Talstöðin FM 99,4 Útvarp Saga FM 98,9 Bylgjan FM 95,7 FM957 / Topp tónlistarstöðin FM 102,2 Útvarp Latibær / Fjölskyldu útvarp FM 102,9 Lindin / Kristilegt efni FM 96,7 Létt Bylgjan / Tónlist og afþreying FM 105,5 Útvarp Boðun / Kristilegt efni FM 88,5 XA-Radíó / 12 spora efni FM 97,7 X-ið / Enginn viðbjóður

EXTRA

- 16.45 Hollyoaks (191:260)
- 17.15 Hollyoaks (192:260)
- 17.40 Ally McBeal (1:21)
- 18.25 Seinfeld (4:13)
- 18.45 Hollyoaks (191:260)
- 19.15 Hollyoaks (192:260)

► 19.40 Ally McBeal (1:21) Í fyrsta þætti nýrrar þáttaraðar öðlast Ally kynlífsreynslu sem slær John út af laginu. John stóð í þeirri meiningu að konur þyrftu að vera ástfangnar af elskhuga sínum til að geta notið kynlífs með honum.

20.25 Seinfeld (4:13) Jerry Seinfeld er uppistandari sem nýtur mikillar kvenhylli en á í stökustu vandræðum með eðlileg samskipti við annað fólk. Hann er nefnilega óendanlega smámunasamur og sérvitur.

21.00 Fréttir Stöðvar 2

21.25 Ísland í dag

22.00 Entourage (3:12) Vincent og félagar standa nú á krossgötum því þrátt fyrir að nokkrir þeirra séu búnir að skapa sér þokkalegt nafn þá neyddust þeir í lokabætti þriðju seríu til að flytja úr villnunni góðu. En þeir halda sínu striki og stóra tækifærið gæti verið að banka upp á með Medellín, stórmynd hins kostulega Ara Gold.

22.25 Peep Show (11:12) Sprenglæglegir gamanþættir um Mark og Jez, sérvitringa á þrítugsaldri sem deila íbúð saman en eiga ekkert sameiginlegt nema það að líf þeirra einkennist af endalausum flækjum og óreiðu.

22.55 New Amsterdam (7:8)

23.40 Weeds (12:15)

00.10 Auddi og Sveppi

00.40 Sjáðu

01.05 Fréttir Stöðvar 2

02.05 Tónlistarmyndbönd frá Nova TV

BBC entertainment

11.45 My Hero 12.15 The Weakest Link 13.00 EastEnders 13.30 My Hero 14.00 Blackadder Goes Forth 14.30 The Weakest Link 15.15 Jonathan Creek 16.05 Jonathan Creek 16.55 EastEnders 17.25 The Weakest Link 18.10 My Hero 18.40 Blackadder Goes Forth 19.10 State of Play 20.00 State of Play 20.50 Blackadder Goes Forth 21.20 My Hero 21.50 State of Play 22.40 Jonathan Creek 23.30 Jonathan Creek 00.20 State of Play

DR 1

11.05 Aftenshowet med Vejret 12.00 Det lille hus på prærien 12.50 Nyheder på tegnsprog 13.00 DR Update - nyheder og vejr 13.10 Boogie Mix 14.00 SPAM - Din digitale medieguide 14.30 Monster allergi 15.00 Store Nørd 15.30 Lille Nørd 16.00 Aftenshowet 16.30 TV Avisen med Sport 17.00 Aftenshowet med Vejret 17.30 Mig og min alder 18.00 Ønskehaven 18.30 Reddet af sin slædehund 19.00 TV Avisen 19.25 Kontant 19.50 Sportnyt 20.00 Lewis 21.35 OBS 21.40 Dødens Detektiver 22.00 Vi bliver ved! 22.30 Boogie Mix

NRK1

11.00 NRK nyheter 11.05 Berlin, Berlin 11.30 Ansikt til ansikt 12.00 NRK nyheter 12.05 Norge rundt 12.30 Frilandsnorge 13.00 NRK nyheter 13.05 Jessica Fletcher 14.00 NRK nyheter 14.10 Dynastiet 15.00 NRK nyheter 15.10 Oddasat - nyheter på samisk 15.25 Sommerhuset 15.55 Nyheter på tegnspråk 16.00 Dora utforskeren 16.25 Travelbymysteriene 16.40 Distriktsnyheter 17.00 Dagsrevyen 17.30 Ut i naturen 17.55 Skjergardsmat 18.25 Redaksjon EN 18.55 Distriktsnyheter 19.00 Dagsrevyen 21 19.30 Brennpunkt 20.20 Extra-trekning 20.30 Safan spesial 21.00 Kveldsnytt 21.15 Alle dei vakre hestene 23.10 Kulturnytt

SVT 1

11.00 Linné - botanikens Mozart 11.40 Sceningång 13.10 Drömprinsen 14.00 Rapport 14.05 Gomorrön Sverige 14.55 En svensk mästare i Cremona 15.50 Anslagstavlan 15.55 Sportnytt 16.00 Rapport med A-ekonomi 16.10 Regionala nyheter 16.15 Go'kväll 17.00 Kulturyheterna 17.15 Regionala nyheter 17.30 Rapport med A-ekonomi 18.00 Vem tror du att du är? 19.00 Krig och fred 20.45 Sommardid 21.15 Kulturyheterna 21.30 Sommer 22.30 Sändningar från SVT24

SUMMARÁST
SÉRVALID EFNI FYRIR STELPURNAR Í ALLT SUMAR Á STÖÐ 2

FRÁBÆRT SUMARTILBOÐ
Stöð 2, Stöð 3 og Stöð 4 Extra
Á mánudagum kl. 21.00
Í þessum mánuði fyrir kvæðingarnar
Vísu

ODYRARA
AD SKEMMTA SÉR HEIMA

skemmtilegri

VIÐARÁSKRIFT AD STÖÐ 2 INNHOLDUR: PIPAR OG SALT, ALK STICVAXANDI APLATTAR

552 5100 | STÖÐ 2.JS | VEKSLANIR VOGAFAONE | VEKSLANIR OG MÓNUMSTUVER SÍMANS 800 7000



...og nú allir
af stað



Portúgal

Forte da Oura

★★★★

ALBUFEIRA

VERÐ FRÁ

69.633 kr.

VIKUFERÐ
20. júní

á mann í viku m. v. 2 með 2 börn.
84.467 kr. m.v. tvo fulloröna.

Gott íbúðahótel, vel staðsett um 500 m frá neðsta hluta „Laugavegarins“, Sao Jao veitingahúshaverfinu, einu skemmtilegasta hverfinu í Albufeira. 5–10 mín. gangur niður á Praia de Oura ströndina. Íbúðir eru rúmgóðar með svölum, loftkældar með eldhúsi, sjónvarpi, síma og öryggishólfi. Lifandi tónlist þrisvar í viku, veitingasalur og leikjaherbergi. Sundlaugargarður með frábærri aðstöðu. Nettenging í gestamóttöku.

Tyrkland

Forum Residence

★★★★

MARMARIS

VERÐ FRÁ

79.675 kr.

VIKUFERÐ
3. júlí

á mann í viku m. v. 2 með 2 börn.
99.550 kr. m.v. tvo fulloröna.

Nýlegt og glæsilegt íbúðahótel, við aðalgötuna í Marmaris. Ströndin er í göngufæri og stutt í alla þjónustu, verlanir og veitingastaði. Sundlaugargarður með góðri aðstöðu til sólbaða, barnalaug og snakkbar. Íbúðirnar eru nýttiskulegar og mjög rúmgóðar, með einu eða tveimur svefnherbergjum. Allar íbúðir með svölum, loftkældar með góðu eldhúsi, sjónvarpi, síma og þráðlausri nettengingu.



ÚRVAL-ÚTSÝN

www.urvalutsyn.is



Úrval-Útsýn – Lágmúla 4 – Reykjavík – Sími 585 4000

Innifalið: Flug, flugvallarskattar, íslensk fararstjórn og gisting. Verðmiðast við að bókað sé á netinu. Ef bókað er á skrifstofu eða símilíðis er bókanargjald 2.500 kr. fyrir hvern farþega.



BAKPANKAR
Karenar D.
Kjartansdóttir

Barnatrú

Alla tíð hef ég haft áhuga á trúarbrögðum og trúarhefðum þó að ekki hafi glæðst hjá mér trú. Þekkingin á þeim þykir mér varpa gleggri sýn á tilveruna og auka skilning á menningarheiminum. Þó hef ég alltaf verið sannfærð um að heimurinn væri betur kominn án þeirra. Það kom mér því á óvart þegar ég stóð mig að því að útskýra grundvallaratriði kristinnar trúar fyrir fimm ára syni mínum.

HVER atburðurinn sem útheimti kirkjuheimsóknir hafði rekið annan og voru þeir ýmist góðir eða slæmir. Þetta vakti upp spurningar hjá drengnum og vandræðagang hjá sjálfri mér. Ég virtist ekkert eiga að komast upp með að svara með „af því bara“ eða „ég veit það ekki“. Útskýringar á spurningum um svínafleusu og nýjar ríkisstjórnir voru hátíð miðað við þetta og hálfkveðnar vísur ollu drengnum hugarangri og ergelsi.

AÐ lokum fór því svo að ég ákvað að segja drengnum frá nokkrum undirstöðuatriðum kristinnar. Þá rifjaðist upp fyrir mér frásögn konu af því hvernig barnatrú hefði linað ótta ömmu hennar eftir að hrönnunarsjúkdómur hafði hrifsað burtu nær allar minningar hennar af lífinu. Í óttanum og skelfingunni sem heilásjúkdómurinn hafði valdið henni fann hún huggun í kvæðum um gæsku Jesú og engla sem hún hafði lært sem barn. Hún óttaðist að börn sem ekki lærðu skáldskap sem veitti hlýju yrðu af nauðsynlegri huggun í ellinni. Glymjandi auglýsingastef sem börn hefðu fyrir munninn sér utanbókar nú myndu ekki koma að sama gagni og bænir og vers fyrri tíma. Eftir að hafa rifjað þetta upp fyrir mér stóð ég mig að því, mér til furðu, að kenna syninum vers um Jesú.

ÞAÐ er kannski ágætt að ég taki fram að ég er sjálf skráð utan trúfélaga og myndi seint leggja sýni mínum þær skyldur á herðar að hann tryði hverju því sem hann heyrði. Hins vegar þykir mér ólíkt léttara að segja litlu barni, sem á í miklum erfiðleikum með að skilja að eitthvað taki enda, hvort sem um fimm ára afmæli eða löng æviskeið er að ræða, að fólk fari til guðs eftir dauðann. Himnavist þykir honum mun þægilegri tilhugsun en kúldur ofan í jörðinni.

GÓÐAN DAG!
Í dag er þriðjudagurinn 19. maí, 139. dagur ársins.

	Sólarupprás	Hádeggi	Sólarlag
Reykjavík	4.00	13.24	22.51
Akureyri	3.23	13.09	22.58

Heimild: Almanak Háskólans

Með leyfi AVALON PROMOTIONS & LIBERTY BELL
GRUMPY OLD WOMEN LIVE

Björk Helga Edda

Fúlar á Mót!

í íslensku óperunni

Þrjár fyndnustu leikkonur landsins saman á sviðinu!

„Edda er meistari sem unun er að sjá og heyra. Ég hef lengi dáðst að „replikkunni“ hennar Eddu, hvað hún er flink við að skjóta tilsvörumum beint í mark; það eitt að heyra hana spýta bröndurinum út í salinn er leikhúsfarðarinnar virði.“ JVV DV

„Mér fannst allar leikkonurnar fyndnar - en ég hló mest af Björk - hún er æðislega fyndin!“ Róbert Gíslason - áhorfandi

„Þær Helga Braga og Edda eru gamanleikarar af guðs náð; eitt bros hér og mjaðmahnykkur þar segir stundum meira en þúsund orð.“ Mbl.

„Engin keðja er sterkari en veikasti hlekkurinn og hér eru þeir allir traustir. Allar þrjár verulega Fúlar á mót!“ S. Mbl.

MÍÐASALA Í SÍMA 511 4200 Á WWW.MIDI.IS OG Á WWW.OPERA.IS